

Föstudaginn 14. janúar 1977.

Nr. 241/1976. Ríkissaksóknari

gegn

Yfirsakadómaranum í Reykjavík.

Kærumál. Endurupptaka opinbers máls.

Dómur Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu voru hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Árnason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Þórir Oddsson, aðal-fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með bréfi 10. desember 1976 til sakadóms Reykjavíkur skaut ríkissaksóknari hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og krafðist þess, að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi „og að lagt verði fyrir sakadóm Reykjavíkur að hlutast til um þá rannsókn, sem ríkissaksóknari krafðist með bréfi til dómsins, dagsettu 20. ágúst s.l.“.

Í greindu bréfi ríkissaksóknara 10. desember 1976 segir, að hinn 9. s. m. hafi embætti hans borist „endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur frá fyrirtekt í sakadómi Reykjavíkur um kröfu ríkissaksóknara um rannsókn út af umferðarslysi við Leirvogsa þann 15. september 1969. Féll úrskurður í dóminum 3. þ. m. þess efnis, að kröfu ríkissaksóknara var vísað frá sakadómi“. Af þessu verður ekki annað ráðið en kært hafi verið innan lögboðsins frests samkvæmt 2. mgr. 174. gr. nefndra laga.

Gögn máls bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur hinn 28. desember 1976 með bréfi, dags. 27. s. m.

Greinargerð ríkissaksóknara í kærumáli þessu er dagsett 7. þ. m. Eru þar gerðar sömu kröfur og að framan greinir.

Rannsóknarefni samkvæmt beiðni ríkissaksóknara 20. ágúst 1976 er í öllum meginatriðum sakarefni það, sem rannsakað var og dæmt í sakadómsmálinu nr. 278/1971: Ákærvaldið gegn Maron Tryggva Bjarnasyni. Varð eigi

stofnað til rannsóknar samkvæmt greindri beiðni, án þess að áður hefði verið mælt fyrir um endurupptöku greinds dómsmáls, sbr. 194. gr. laga nr. 74/1974. Ber samkvæmt því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1976.

Ár 1976, föstudaginn 3. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þessir:

Hinn 15. september 1969 var bifreiðin R 964 tekin í heimildarleysi, þar sem hún stóð við Höfðatún í Reykjavík. Klukkan 0715 sama dag barst lögreglu vitneskja um, að bifreiðinni hefði verið ekið út af Vesturlandsvegi og hafnað á hliðinni í Leirvogsa á Kjalarnesi. Lögreglan í Mosfellshreppi annaðist vettvangsrannsókn, og fannst karlmannslík neðar í ánni, ca 1 km frá bifreiðinni. Lík þetta reyndist vera af Arnari Hjörtþórssyni, fæddum 14. júní 1948.

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík hélt áfram rannsókn málsins, og leiddi hún fljótlega til þess, að Maron Tryggvi Bjarnason var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 17. september 1969.

Hinn 17. október 1969 voru saksóknara ríkisins send gögn málsins til ákvörðunar, og með bréfi, dags. 11. desember 1970, endursendi hann sakadómi Reykjavíkur málið með kröfu um framhaldsrannsókn. Að lokinni rannsókn var málið enn á ný sent saksóknara ríkisins með bréfi, dags. í maí 1971, sem höfðaði opinbert mál á hendur Maron Tryggva Bjarnasyni með útgáfu ákæruskjals, dags. 2. júní 1971, fyrir ætlað brot á 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956 og 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þann 11. júní 1971 var kveðinn upp dómur í málinu og ákærða, Maron Tryggva Bjarnasyni, gert að sæta fangelsi í 4 mánuði, auk þess sem hann var sviptur ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dómsins að telja. Þá var ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði undi dómi, og ekki var honum heldur áfrýjað af hálfu ákærvaldsins.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 20. ágúst 1976, sem barst saka-dómi Reykjavíkur þann 23. s. m., er þess krafist, að tiltekin 12 atriði varðandi málið verði tekin til rannsóknar við sakadóm Reykjavíkur.

Ríkissaksóknara var tilkynnt um þinghald þetta, til þess að honum gæfist kostur á að skýra málið nánar, skv. 74. gr. laga 74/1974. Ekki var mætt af hans hálfu.

Líta verður á rannsóknarkröfu ákærvaldsins sem kröfu um endurupptöku málsins: Ákærvaldið gegn Maron Tryggva Bjarna-syni. Sömu leiðis verður beiðni Hjörtþórs Ágústssonar til ríkis-saksóknara, dags. 3. ágúst 1976, ekki skillin á annan veg en að með henni sé farið fram á endurupptöku málsins.

Í 193. gr. laga 74/1974 segir svo: „Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls, og skal beiðni um hana stíluð til Hæsta-réttar og send ríkissaksóknara . . .“ o. s. frv.

Í 194. gr., 1. mgr., sömu laga segir, að ríkissaksóknari skuli senda beiðnina til Hæstaréttar, ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn héraðsdómara, ef um héraðsdóm er að tefla.

Bar ríkissaksóknara, ef hann vildi taka málið upp á ný og taldi skilyrði 191. gr. laga 74/1974 vera fyrir hendi, að beina kröfu um endurupptöku til Hæstaréttar, sbr. 193. og 194. gr. laganna. Að svo vöxnu máli þykir eiga að vísa kröfu ríkissaksóknara frá sakadómi.

Úrskurðarorð:

Kröfu ríkissaksóknara er vísað frá sakadómi.
